




Maribel Gonzalez Sigurjóns

SÖGURNAR Á STRIGANUM

Áherslurnar í myndum Maribel Gonzalez Sigurjóns: Frelsi á striganum. Sterkir litir. Andstæður hvað litina varðar. Tengsl við náttúruna hvað myndefnið varðar.



„Með myndunum reyni ég að segja eitthvað en ekki nákvæmlega. Hver mynd hefur sína sögu. Sumar tengjast einhverju sem ég hef upplifað.“

Áherslurnar í myndum Maribel Gonzalez Sigurjóns: Frelsi á striganum. Sterkir litir. Andstæður hvað litina varðar. Tengsl við náttúruna hvað myndefnið varðar.

„Með myndunum reyni ég að segja eitthvað en ekki nákvæmlega. Hver mynd hefur sína sögu. Sumar tengjast einhverju sem ég hef upplifað.“ Hún segist til að mynda hafa fengið hugmynd í göngutúr; hún hafi upplifað einhverja tilfinningu í hreina loftinu og reynt að koma þeirri tilfinningu á strigann. Segja má að það hafi verið sagan um göngutúrinn.

Þess má geta að myndir eftir Maribel verða til sýnis í verslun ÁTVR í Smáralind á næstunni.

Hvað með stílinn? „Ég er alltaf að prófa eitt-hvað nýtt eða blanda saman því sem ég hef gert áður.“ Maribel hefur myndskreytt nokkrar bækur svo sem Risaeðlubókina. Í nýjustu myndunum má sjá áhrif hvað varðar teikningar – línur. Línuáferð. „Ég ákvað að blanda saman reynslu minni í teikningu og málun.“ 